

ÞINGBRÉF

eftir STEFÁN FRÍÐBJARNARSON

una þurfti „aðeins“ þrisvar sinnum fleiri atkvæði í Reykjavík á bak við hvern þingmann en í því kjördæminu sem þá var bezt sett að þessu leyti.

Tuttugu árum síðar, 1979, hafði íbúafjöldi í einstökum kjördæmum breytt svo, að Reyknesingar þurftu rúmlega fjórum sinnum fleiri atkvæði að baki hvers þingmanns en íbúar þess kjördæmisins, hvar atkvæðavægi var mest. Misvægi atkvæði hefur raunar enn aukizt frá 1979.

Þau frumvörp til breytinga á stjórnskrá og kosningalögum, sem væntanlega verða afgreidd fyrir þinglausnir nú, draga ekki meir úr misvægi atkvæða á líðandi stund en svo, að það verður svipað eða lítil minna en það var árið 1959. Hinsvegar næst allt að því fullur jöfnuður milli stjórnmálaflokka.

Þessar breytingar, til að draga úr misvægi atkvæða, eru sátt ólíkra sjónarmiða. Þeir sem styðja þessa sátt, en vildu gjarnan ganga lengra og tryggja algjöran jöfnuð í áhrifum landsmanna á skipan Alþingis, túlka hana sem áfangana að settu marki; það lengsta sem hægt hafi verið að ganga nú. Öbreytt ástand hafi verið óviðunandi fyrir íbúa Reykjavíkur- og Reykjanesskjördæma. Þeir, sem styðja frumvörpin, en vildu ganga skemmra, vitna til yfirlýsinga frá fjórum þingflokku, þess efnis, að dregið verði úr ýmsu efnahagslegu búsetumisrétti eftir öðrum leiðum.

Kosningarétturinn er mikilvægur hluti persónulegra mannréttinda. Það er eðlileg krafa að þegar þjóðfélagsins hafi jafnrétti í áhrifum á skipan Alþingis. Þingið setur þegnum sameiginleg lög, ræður samsetningu og ferli ríkisstjórna og meginþáttum pólitískrar framvindu og stjórnsýslu.

Aðstæður réttlæta, ef til vill, að ganga veginn til jafna áhrifa allra landsmanna í nokkrum skrefum. Efnahagslegu búsetumisrétti, sem fyrir hendi er, þarf hinsvegar að eyða með öðrum hætti en í mismunum mannréttinda.

Kosningaréttur innan og utan Hringbrautar

Því er stundum haldið fram að fjarlægð frá höfuðstöðvum pólitískrar stjórnsýslu og framkvæmdavalds, þingi og ráðuneytum, réttlæti misvægi atkvæða. Eiga þá íbúar Reykjavíkur, utan Hringbrautar, svo dæmi sé tekið, að hafa meiri áhrif á skipan borgarstjórnar en fólk í gamla miðbænum?

Hitt er annað mál að fólk í strjálbýli hefur um margt verri stöðu en íbúar á höfuðborgarsvæðinu. Það er dýrara fyrir strjálbýlismenn að sækja menntun, sem í sumum tilfellum er hvergi að fá hérlandis nema á höfuðborgarsvæðinu en fólk hér syðra. Flutnings-

kostnaður vöru frá framleiðslu- eða uppskipunarstað — að ógleymdum söluskatti ofan á þennan flutningskostnað — hækka vöruverð strjálbýlisfólks. Ýmsar lista- og menningarmiðstöðvar, sem fólk vill gjarnan hafa aðgang að, eru staðsettar hér í þéttbýlinu. Verðsamkeppni verzlana og stórmarkaða á höfuðborgarsvæðinu býður almennungi hagstæðara vöruverð en kaupfélagsseinkun, sem víða er í strjálbi byggðum. Margvisleg þjónusta Reykjavíkurborgar er víðtækari og betri en hjá minni sveitarfélögum. Hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis er verulega hærri úti á landi, einkum þar sem hitagjafinn er olía eða rafmagn. Hér koma til greina niðurgreiðslur verðs eða skattfrádráttarleiðir.

Einn er sá kostnaðarþáttur sem vegur mun þygra á höfuðborgarsvæðinu en í strjálbýli, þ.e. kostnaður við að komast milli heimilis og vinnustaðar. Þannig segir í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um skipulag almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu:

„Samgöngukostnaður á þessu svæði hefur einnig vaxið mjög ört á undanförunum árum með úþpenslu byggðar og hækkanði benzinverði. Nú er svo komið að ekki er óalgengt að samgöngukostnaður fjögurra manna fjölskyldu á þessu svæði sé orðinn allt að tíu þúsund krónur á mánuði. Þetta mál verður þeim mun alvarlegra ef til þess er litið að á höfuðborgarsvæðinu búa um 54% þjóðarinnar.“

Þessi tillaga, sem vitnað er til, fjallar um „könnun á hagkvæmni þess að samræma rekstur almenningsfarartækja á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin varði almenna og þjóðhagslega hagkvæmni slíks sameiginlegs samgöngukerfis og gerð langtímaáætlunar um almenningsamgöngur á svæðinu.“

Mergurinn málsins er sá að allir þjóðfélagsþegar eiga að vera jafnir fyrir lögum, kosningalögum sem öðrum. Líta verður á þær breytingar, sem Alþingi gerir væntanlega á kosningalögum, sem áfangaleiðréttingu, spor til réttrar áttar. Vonandi ber þingið gæfu til að taka tillit til ábendinga Jóns Ragnars Stefánssonar, stærðfræðings, varðandi reiknireglur í kosningalögum, sem sníða myndu varasama agnúa af á frumvarpinu.

Hitt vegur jafnpungt að viðhalda verður byggð í landinu öllu, ef nýta á gögn þess og gæði þann veg sem bezt hentar framtíðarhagsmunum þjóðarinnar sem heildar. Þessvegna verður að tryggja, eftir því sem kostur er, jafnstöðu fólks til að búa sér og sínum menntunarlega, félagslega og efnahagslega aðstöðu.

Það er svo miklu meira — í fortíð, samtið og framtíð — sem knýtir þjóðina saman sem heild en hitt sem sundur skilur. Þessvegna verðum að leysa ágreiningsefni, sem upp koma, með sátt. Það er þjóð sem á að byggja landið en ekki stríðandi landshlutahópar.

langar yfirlegur. Jóhannes nær miklu út úr þessum formleik og hrifmestar þóttu mér þær myndir sem um leið virka ferskastar svo sem mynd nr. 1 „Rauða formið“, „Hrynjandi“ (2), „Blár fleygur“, (7), „Húm“ (13) og „Dulúð“ (16). Allt eru þetta sterkar, stemningaríkar myndir okk markvissar í myndbyggingu er bera höfundinum vitni.

Mér þykir það merkilegt hvað Jóhannes getur náð miklu út úr þessum vinnubrögðum með skeifumyndaða

formið, svo sem vel kemur fram í stærstu myndinni á sýningunni, sem er ónúmeruð og nafnlaus. Það er mikil gerjun í þessari mynd og hún fer vel við hlið annarrar myndar ónúmeraðrar, sem hrifandi ferskleiki einkennir. Sýning þessi staðfestir, að Jóhannes er einn af traustustu málurum sinnar kynslóðar en hér er þó ekki um neina nýja landvinnuna að ræða frá hans hendi.

Hér er um fallega og yfirletislausu sýningu að ræða, sem vel er þess virði að sækja heim.


Kaupmannahöfn:

Sýning á verkum Ásgerðar Búadóttur og Svavars Guðnasonar


SÝNING á verkum Ásgerðar Búadóttur og Svavars Guðnasonar var opnuð í Kaupmannahöfn 11. maí sl. í Nikolaj, sýningarhúsi Kaupmannahafnarborgar.

Á sýningunni eru 80 málverk eftir Svavar og ellefu listvefnaðarverk eftir Ásgerði. Það var Bent Nebel-ong, borgarstjóri, sem opnaði sýninguna, en meðal viðstaddra voru Ásgerður Búadóttir og Einar Ágústsson, sendiherra. Svavar Guðnason gat ekki verið við opnunana, en honum var sent skeyti í tilefni af henni.

Sýningin stendur yfir til 19. ágúst.



Ásgerður Búadóttir við eitt verka sinna á sýningunni.



Nokkur verka Svavars á sýningunni.

Macintosh

Er komin til Íslands fyrst Evrópulanda



Takmarkað magn. Staðfestið vinsamlegast pantanir kr. 75.500.

apple computer



Tölvudeild 29800.